

## Tillögur AU 22 ehf. til aðalfundar Origo hf., dags. 21. mars 2023

*-um breytingu á samþykktum og kosningu til varastjórnar-*

### **1. Tillaga um breytingu á grein 5.1 í samþykktum Origo hf. þannig að stjórn verði framvegis skipuð fimm mönnum og tveimur varamönnum:**

AU 22 ehf. leggur til við aðalfund Origo hf., haldinn 21. mars 2023, að grein 5.1 í samþykktum félagsins verði breytt þannig að hún orðist eftirleiðis svo:

*„Aðalfundur félagsins kýs árlega 5 menn í stjórn félagsins og 2 til vara. Um hæfi þeirra fer að lögum.“*

#### **Greinargerð:**

Lagt er til að stjórn Origo hf. verði framvegis skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara en enginn varamaður er nú í stjórn félagsins. Tillaga þessi er lögð fram með það í huga að breikka og styrkja stjórn félagsins og stuðla að því að sérhæfð þekking sé ávallt fyrir hendi innan stjórnarinnar sem geti nýst félaginu sem best.

### **2. Tillaga um kosningu í varastjórn Origo hf:**

Verði tillaga AU 22 ehf. um breytingu á grein 5.1 í samþykktum Origo hf. samþykkt er lagt til að á aðalfundinum fari fram kosning til varastjórnar.

#### **Greinargerð:**

Fari svo að tillaga AU 22 ehf. um breytingu á grein 5.1 í samþykktum Origo hf. – þess efnis að stjórn verði framvegis skipuð fimm stjórnarmönnum og tveimur til vara – verði samþykkt er lagt til að auk kosningar til aðalstjórnar fari fram kosning til varastjórnar félagsins, til samræmis við breyttar samþykktir.